Svar lögmanns Færeyja til utanríkisráðherra Íslands.

Tórshavn, tann 2. apríl 1980.

Harra uttanríkisráðharri,

Eg havi tikið ímóti telexavriti av brævi tygara til mín dagfest 2. apríl 1980 um sínamillum svartkjaftaveiðu í 1980.

Við hesum verður váttað, at frá føroyskari síðu verður loyvt íslendskum skipum at veiða 20.000 tons av svartkjafti á sjóøki Føroya í 1980. Eg taki til eftirtektar, at føroyskum skipum verður loyvt at fiska 20.000 tons av svartkjafti á sjóøki Íslands í 1980.

Eg eri samdur í, at gjølligari forskriftir fiskiskapinum viðvíkjandi verða avgreiddar beinleiðis millum fiskimálaráðið í Reykjavík og Føroya landsstýri.

Atli P. Dam, løgmaður.

Harra Ólafur Johannesson
Uttanríkisráðharri
Reykjavík.

12. júní 1980. Nr. 7.

AUGLÝSING

um aðild að Genfarbókuninni við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti.

Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis samþykktri 11. mars 1980 var hinn 15. apríl 1980 afhent fullgildingarskjal Íslands að Genfarbókuninni 1979 við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT). Bókunin var gerð í Genf hinn 30. júní 1979 og undirrituð af Íslands hálfu hinn 18. september 1979 með fyrirvara um fullgildingu. Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti var gert hinn 30. október 1947 og var birt sem fylgiskjal með auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 8/1968, ásamt Genfarbókuninni 1967 og sérstakri bókun viðvíkjandi aðild Íslands.

Aðild Íslands að Genfarbókuninni 1979 tók gildi 15. apríl 1980.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. júní 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

GENFARBÓKUNIN 1979 VIÐ HIÐ ALMENNA SAMKOMULAG UM TOLLA OG VIÐSKIPTI

Samningsaðilar að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti og Efnahagsbandalag Evrópu sem tóku þátt í marghliða viðskiptaviðræðunum 1973—1979 (hér á eftir nefndir „þátttakendur") og

GENEVA (1979) PROTOCOL TO THE GENERAL AGREEMENT ON TARIFFS AND TRADE

The contracting parties to the General Agreement on Tariffs and Trade and the European Economic Community which participated in the Multilateral Trade Negotiations 1973—79 (hereinafter referred to as "participants"),

áttu í samningaviðræðum samkvæmt 28. gr. — viðauka, 33. gr. og öðrum ákvæðum er máli skipta í Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (hér á eftir nefnt „hið almenna samkomulag“)

hafa, fyrir milligöngu fulltrúa sinna, orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Tollaívilnanalisti þátttakanda með bókun þessari skal verða að ívilnanalista þess þátttakanda með hinu almenna samkomulagi á gildistökudegi bókunar þessarar gagnvart honum samkvæmt 5. mgr.

2.

a) Tollalækkanir sem hver þátttakandi hefur samþykkt skulu koma til framkvæmda, nema kveðið sé á um annað í ívilnanalista þátttakanda, með jöfnum árlegum lækkunum frá og með 1. janúar 1980 og skal heildarlækkunin hafa gengið í gildi eigi síðar en 1. janúar 1987. Þátttakandi sem byrjar að lækka tolla 1. júlí 1980 eða einhvern dag á tímabilinu 1. janúar til 1. júlí 1980 skal, nema kveðið sé á um annað í ívilnanalista þátttakandans, láta tvo áttundu af heildarlækkuninni til að ná lokataxtanum ganga í gildi á þeim degi en síðan skulu koma sex jafnar lækkanir, sú fyrsta hinn 1. janúar 1982. Hinn lækkaða toll skal í hverjum áfanga jafna við fyrsta aukastaf. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu ekki vera því til fyrirstöðu að þátttakendur framkvæmi lækkanir í færri áföngum eða fyrr en greint er frá hér að ofan.

b) Sé þess óskað skal fara fram marghliða könnun af hálfu þátttakenda sem samþykkt hafa bókun þessa á framkvæmd ákvæða meðfylgjandi ívilnanalista í samræmi við 2. mgr. a) hér að ofan. Þetta skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt hinu almenna samkomulagi.

3. Þegar tollaívilnanalisti þátttakanda með bókun þessari er orðinn að ívilnanalista

HAVING carried out negotiations pursuant to Article XXVIII bis, Article XXXIII and other relevant provisions of the General Agreement on Tariffs and Trade (hereinafter referred to as "the General Agreement"),

HAVE, through their representatives, agreed as follows:

1. The schedule of tariff concessions annexed to this Protocol relating to a participant shall become a Schedule to the General Agreement relating to that participant on the day on which this Protocol enters into force for it pursuant to paragraph 5.

2.

(a) The reductions agreed upon by each participant shall, except as may be otherwise specified in a participant's schedule, be implemented in equal annual rate reductions beginning 1 January 1980 and the total reduction become effective not later than 1 January 1987. A participant which begins rate reductions on 1 July 1980 or on a date between 1 January and 1 July 1980 shall, unless otherwise specified in that participant's schedule, make effective two eights of the total reduction to the final rate on that date followed by six equal instalments beginning 1 January 1982. The reduced rate should in each stage be rounded off to the first decimal. The provisions of this paragraph shall not prevent participants from implementing reductions in fewer stages or at earlier dates than indicated above.

(b) The implementation of the annexed schedules in accordance with paragraph 2(a) above shall, upon request, be subject to multilateral examination by the participants having accepted this Protocol. This would be without prejudice to the rights and obligations of contracting parties under the General Agreement.

3. After the schedule of tariff concessions annexed to this Protocol relating

analista með hinu almenna samkomulagi samkvæmt 1. mgr. getur sá þátttakandi hvenær sem er frestað eða afnumið að nokkru eða öllu leyti ívilnun í þeim ívilnanalista gagnvart einstakri vöru í þeim tilvikum að aðalframboðsaðilinn er annar þátttakandi eða ríkisstjórn sem hefur í marghliða viðskiptaviðræðunum samið um aðild en umsaminn ívilnanalisti viðkomandi í viðræðunum er ekki enn orðinn að ívilnanalista með hinu almenna samkomulagi. Til slíkrar aðgerðar má þó aðeins grípa að undangenginni skriflegri tilkynningu til samningsaðilanna um hverja slíka frestun eða afnám ívilnunar og eftir að fram hafa farið viðræður, sé þeirra óskað, við hvern þann þátttakanda eða aðildarstjórn sem hefur verulegra hagsmuna að gæta vegna viðkomandi vöru enda sé viðeigandi tollaívilnanalisti þátttakandans eða aðildarstjórnarinnar orðinn að ívilnanalista með hinu almenna samkomulagi. Sérhver ívilnun sem þannig er frestað eða afnumin skal koma til framkvæmda frá og með þeim degi er ívilnanalisti þátttakandans eða aðildarstjórnarinnar sem er aðalframboðsaðili vörunnar verður að ívilnanalista með hinu almenna samkomulagi.

4.

a) Í hverju tilviki sem 1. mgr. b) og c) í 2. gr. hins almenna samkomulags vísar til dagsetningar samkomulagsins skal dagsetning sú sem við á um hverja þá vöru er nýtur ívilnunar samkvæmt tollaívilnanalista með bókun þessari vera dagsetning bókunar þessarar án þess þó að þetta hafi áhrif á skuldbindingar sem eru í gildi á þeim degi.

b) Að því er varðar tilvísun í 6. mgr. a) í 2. gr. hins almenna samkomulags til dagsetningar þess samkomulags skal dagsetning sú sem við á um tollaívilnanalista með bókun þessari vera dagsetning bókunar þessarar.

to a participant has become a Schedule to the General Agreement pursuant to the provisions of paragraph 1, such participant shall be free at any time to withhold or to withdraw in whole or in part the concession in such schedule with respect to any product for which the principal supplier is any other participant or any government having negotiated for accession during the Multilateral Trade Negotiations, but the schedule of which, as established in the Multilateral Trade Negotiations, has not yet become a Schedule to the General Agreement. Such action can, however, only be taken after written notice of any such withholding or withdrawal of a concession has been given to the CONTRACTING PARTIES and after consultations have been held, upon request, with any participant or any acceding government, the relevant schedule of tariff concessions relating to which has become a Schedule to the General Agreement and which has a substantial interest in the product involved. Any concessions so withheld or withdrawn shall be applied on and after the day on which the schedule of the participant or the acceding government which has the principal supplying interest becomes a Schedule to the General Agreement.

4.

(a) In each case in which paragraph 1 (b) and (c) of Article II of the General Agreement refers to the date of that Agreement, the applicable date in respect of each product which is the subject of a concession provided for in a schedule of tariff concessions annexed to this Protocol shall be the date of this Protocol, but without prejudice to any obligations in effect on that date.

(b) For the purpose of the reference in paragraph 6 (a) of Article II of the General Agreement to the date of that Agreement, the applicable date in respect of a schedule of tariff concessions annexed to this Protocol shall be the date of this Protocol.

5.
a) Bókun þessi skal liggja frammi til samþykktar af hálfu þátttakenda, með undirritun eða á annan hátt, til 30. júní 1980.
b) Bókun þessi skal ganga í gildi hinn 1. janúar 1980 gagnvart þátttakendum sem hafa samþykkt hana fyrir þann dag en gagnvart þátttakendum sem samþykkja hana síðar skal hún ganga í gildi á samþykktardegi.

6. Bókun þessi skal afhent aðalframkvæmdastjóra samningsaðilanna og skal hann án tafar láta sérhverjum samningsaðila að hinu almenna samkomulagi og Efnahagsbandalagi Evrópu í té staðfest eftirrit hennar, svo og tilkynningu um sérhverja samþykkt á henni samkvæmt 5. mgr.

7. Bókun þessa skal skrásetja í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

GJÖRT í Genf hinn 30. júní 1979 í einu eintaki á ensku og frönsku og eru báðir textarnir jafngildir. Meðfylgjandi ívilnanalistar eru jafngildir á ensku, frönsku og spænsku eftir því sem kveðið er á um í hverjum ívilnanalista.

5.
(a) This Protocol shall be open for acceptance by participants, by signature or otherwise, until 30 June 1980.

(b) This Protocol shall enter into force on 1 January 1980 for those participants which have accepted it before that date, and for participants accepting after that date, it shall enter into force on the dates of acceptance.

6. This Protocol shall be deposited with the Director-General to the CONTRACTING PARTIES who shall promptly furnish a certified copy thereof and a notification of each acceptance thereof, pursuant to paragraph 5, to each contracting party to the General Agreement and to the European Economic Community.

7. This Protocol shall be registered in accordance with the provisions of Article 102 of the Charter of the United Nations.

DONE at Geneva this thirtieth day of June one thousand nine hundred and seventy-nine, in a single copy, in the English and French languages, both texts being authentic. The Schedules annexed hereto are authentic in the English, French and Spanish language as specified in each Schedule.

Nr. 8. 12. júní 1980.

AUGLÝSING

um gildistöku samnings milli EFTA-landanna og Spánar og samnings um gildi samningsins milli EFTA-landanna og Spánar gagnvart furstadæminu Liechtenstein.

Hinn 1. maí 1980 tóku gildi samningur milli EFTA-landanna og Spánar og samningur um gildi samningsins milli EFTA-landanna og Spánar gagnvart furstadæminu Liechtenstein, sem gerðir voru hinn 26. júní 1979, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 13/1979, þar sem samningarnir eru birtir.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. júní 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.